



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

10. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 var haldinn mánudaginn 28. október 2024 kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Kolbrúnar Haraldsdóttur. Auk þeirra sitja fundinn: Hannibal Kjartansson (HK), veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson (GKG), yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Í upphafi fundar leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram. Formaður gerði einnig að tillögu sinni að liður 10 félli út enda heyrir það málefni undir Umhverfisnefnd. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Verkfundargerð nr. 29 vegna Kerlingartanga/Byggð á Brikum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar en verkinu er nánast lokið. Enn á þó eftir að tengja götulýsingu og strandar þar á starfsmönnum RARIK.

Nefndin fagnar því að verkinu skuli vera lokið með góðum hætti en hvetur jafnframt veitustjóra til þess að ýta við RARIK svo að götulýsing verði tengd hið allra fyrsta.

2. Verkfundargerð nr. 6 vegna fráveituframkvæmda Akurgerði, Gröf, Hofatún.

Fundargerðin lögð fram til kynningar en vel tókst til við flutning stöðvarinnar. Nú er unnið að frágangi og tengingum. Ljóst er þó að ekki mun takast að klára yfirborðsfrágang með þeim hætti sem áætlað var.

Nefndin leggur áherslu á að gengið verði vel frá yfirborði og felur veitustjóra að fylgja málinu eftir.

3. Erindi frá Guðbjörgu Runólfsdóttur frá 24. október 2024

Í erindinu er óskað eftir lagfæringu á fráveitumálum við Ljónastíg 3 en lóðarhafi telur að mikið vatnsmagn berist inn á lóðina, sérstaklega í leysingum, en einnig að á lóðinni sé vatnssuppspretta sem þarf að bregðast við.

Nefndin samþykkir samhljóða að fela veitustjóra að leita lausna á þeim vanda sem snýr að sveitarfélaginu. Húseigendum, almennt, er jafnframt bent á að vandi tengdur fráveitulögnum innan lóða einstakra húsa eru á ábyrgð eiganda en sveitarfélaginu ber að tryggja viðtaka viðkomandi lagna.

4. Erindi frá formanni veiðifélags Stóru-Laxár frá 21. 10. 2024

Í erindinu er óskað eftir viðbrögðum hitaveitunnar vegna ítrekaðs þrýstingsfalls á heita vatninu í veiðihúsinu Laxárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en þangað selur Hitaveita Flúða heitt vatn.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "EFS", "DGS", and "JK".

Veitustjóri kynnt aðstæður fyrir nefndarmönnum og þá möguleika til úrbóta sem eru í stöðunni. Nefndin undrast þessa stöðu þar sem ný dæla var sett á kerfið fyrir um ári síðan svo afhendingaröryggi til þeirra húsa sem á svæðinu eru væri tryggt. Nefndin samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur svo hiti í húsinu sé tryggður. Allur kostnaður við þær úrbætur verði greiddur af Veiðifélaginu.

5. Erindi frá Golfklúbbi Flúða frá 2. 10. 2024.

Í erindinu er óskað eftir upplýsingum um mögulega þátttöku Hrunamannahrepps í kostnaði við hreinsun á árfarvegi Óssins en ítrekað hefur flætt yfir hluta golfvallarins vegna þess að líklegt er að ræsi taka ekki við því vatni sem um farveginn fer. Einnig er óskað eftir afstöðu til mögulegrar kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins við endurbætur reiðveggar af sömu orsökum.

Á fundinn mætti Guðmundur Konráðsson, formaður vallarnefndar GF.

Samþykkt að sveitarstjóra og veitustjóra verði falið að leita álits lögmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga á ákvæðum vatnalaga hvað þetta mál varðar og í framhaldinu að ræða við landeigendur og hagsmunaaðila um málið.

6. Gjaldskrá Hitaveitu Flúða vegna ársins 2025.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Hitaveitu Flúða vegna ársins 2025 en þar er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki að meðaltali um sem nemur verðlagsþróun síðastliðinna 12 mánaða. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

7. Gjaldskrá Vatnsveitu Hrunamannahrepps vegna ársins 2025.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Vatnsveitu Hrunamannahrepps vegna ársins 2025 en þar er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki að meðaltali um sem nemur verðlagsþróun síðastliðinna 12 mánaða. Nefndin samþykkir samhljóða að vísa gjaldskránni til samþykktar í sveitarstjórn.

8. Gjaldskrá fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi v. ársins 2025.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps vegna ársins 2025 en þar er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki að meðaltali um sem nemur verðlagsþróun síðastliðinna 12 mánaða. Nefndin samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu gjaldskrárinnar.

9. Gjaldskrá Hrunaljóss vegna ársins 2025.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá ljósleiðararfyrirtækisins Hrunaljóss vegna ársins 2025 en þar er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki að meðaltali um sem nemur verðlagsþróun síðastliðinna 12 mánaða. Nefndin samþykkir samhljóða að vísa gjaldskránni til samþykktar í sveitarstjórn.

10. Vatnsveita Skollagróf.

Veitustjóri kynnti mögulega lausn á öflun á köldu vatni fyrir Skollagróf en samkvæmt samningi við ábúendur þar vegna nýtingar á vatnsbóli í þeirra landi í Fagradal ber sveitarfélaginu að útvega neysluvatn til Skollagrófar.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í borun eftir köldu vatni á svæðinu í samræmi við tillögu veitustjóra en miklar líkur eru á að með tiltölulega einföldum aðgerðum megi afla vatns er nægir bænum. Kostnaður rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar.

EES

DGS
BR
de

11. Málefni Kópvatns og Flúðaorku.

Veitustjóri gerði grein fyrir að unnið væri að smíði skilju, veglagning að skiljustæði hefst í vikunni og allt kapp er lagt á að framkvæmdum ljúki sem fyrst. Enn liggur ekki fyrir hvort og hvernig þátttaka Baseload í verkefninu verður.

Nefndin leggur áherslu á að verkefninu verði hraðað eins og kostur er.

12. Kynning á breyttu deiliskipulagi iðnaðarsvæðis.

Lögð fram drög að tillögu um breytt deiliskipulag iðnaðarhverfisins á Flúðum en breytingin er tilkomin vegna byggingar björgunarmiðstöðar sem krefst sameiningar lóða og örlitilla annarra breytinga á deiliskipulagi svæðisins.

Lagt fram til kynningar.

13. Staða verkefna sem í gangi eru og framvinda frá síðasta fundi.

Brú yfir Hellisholtalækinn: Frágangur við enda brúarinnar er enn eftir og mikilvægt að honum ljúki hið fyrsta.

Lækjargarðurinn: Búið er að planta fjölda nýrra trjáa í Lækjargarðinum. Enn er eftir að setja langbanda girðingu til verndar gróðrinum en því þarf að ljúka áður en vetur gengur í garð.

Framkvæmdir við ípróttahús: Unnið er að innréttingu líkamsræktar og sjúkrapjálfunar í rýminu sem áður hýsti kennslustofur í myndmennt og handmennt sem og skólaselið. Stefnt er að því að framkvæmdum ljúki í nóvember. Nefndin áréttar mikilvægi þess að tímasetningar standi.

Framkvæmdir á kennslugangi: Endanlegur frágangur gólfefna mun eiga sér stað um áramót.

Endurbætur á skólalóð: Framkvæmdum við leikvöll er lokið. Enn er eftir að setja upp girðingar í kringum fótbolta- og körfuboltavöll en þær eru væntanlegar á allra næstu dögum.

Leikvöllur í norðurbænum: Unnið er að uppsetningu leiktækja og frágangi á svæðinu.

Framkvæmdir á móttökusvæði úrgangs: fyrsti fundur um hönnun var í morgun og enn er vonast til þess að einhverjar fjárfestingar geti átt sér stað á yfirstandandi fjárhagsári.

Salerni við fótboltavöllinn: Enn hefur salernisgámur ekki verið tengdur. Héðan í frá liggur ekki á því enda mun starfsemi á vellinum liggja niðri í vetur. Nauðsynlegt er að allt verði þar tengt og tilbúið fyrir 1. maí 2025.


Heilsugæslan: fundur með hönnuðum var haldinn í dag. Útboðsgögn eru tilbúin og verður útboð auglýst í vikunni.

Röðulstangi: á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt tillaga Veitu- og framkvæmdanefndar um að ráðist yrði í útboð jarðvegsframkvæmda og lagna í götunni og að þeim framkvæmdum yrði lokið næsta vor. Nefndin vill nú mælast til þess við sveitarstjórn að allt verkið verði boðið út í einu útboði.

14. Næsti fundur

Nefndin samþykkir að haldinn verði aukafundur í nefndinni til að ræða fjárhagsáætlun þann 11. nóvember kl. 15:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:58


Haukelora Hjörleif
Dati Aeir Sæmelsson
Bjarny Ugnisdóttir
Sammiðsgunther
Einar E. Sigmundsson
Alma Hafstein